

## REGLUGERÐ

### um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0702.0001	Tómatar, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.06	ótilgr.	0	0
0702.0001	Tómatar, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0702.0002	Tómatar, á öðrum tíma	16.03.-31.10.06	ótilgr.	0	0
0703.1001	Laukur	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0703.1009	Skallottlaukur	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0703.2000	Hvítlaukur	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0703.9009	Annað	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0704.2000	Rósakál	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0704.9005	Fóðurmergskál (brassica oleraceaacepjala)	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0704.9009	Annað	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0705.1111	Jöklasalat, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.06	ótilgr.	0	0
0705.1111	Jöklasalat, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0705.1112	Jöklasalat, á öðrum tíma	16.03.-31.10.06	ótilgr.	0	0
0705.1191	Annað, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.06	ótilgr.	0	0
0705.1191	Annað, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0705.1199	Annað (salat)	16.03.-31.10.06	ótilgr.	0	0
0705.1900	Annað	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0705.2100	Kaffifílsblöð	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0705.2900	Annað	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0706.9009	Annars	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0707.0011	Gúrkur, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.06	ótilgr.	0	0
0707.0011	Gúrkur, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0707.0012	Reitagúrkur, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.06	ótilgr.	0	0
0707.0012	Reitagúrkur, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0707.0021	Gúrkur	16.03.-31.10.06	ótilgr.	0	0
0707.0022	Reitagúrkur, á öðrum tíma	16.03.-31.10.06	ótilgr.	0	0
0708.1000	Ertur (Pisum sativum)	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0708.2000	Belgaldin (Vigna spp., Phaseolus spp.)	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0708.9000	Aðrir belgávextir	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0709.1000	Jarðartískokka	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0709.2000	Spergill	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0709.5200	Tröfflugur	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0709.6001	Allrahanda (pimento)	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0709.6002	Paprika, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.06	ótilgr.	0	0
0709.6002	Paprika, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0709.6003	Græn paprika	16.03.-31.10.06	ótilgr.	0	0
0709.6004	Önnur paprika	16.03.-31.10.06	ótilgr.	0	0
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0709.7000	Spínat, Nýja-Sjálálandsspínat og hrimblaðka	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0709.9001	Sykurmaís	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0709.9002	Kúrbítur (Courgettes)	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0709.9003	Ólífur	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0709.9004	Steinselja	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0
0709.9009	Annars	01.01.-31.12.06	ótilgr.	0	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í l. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2006.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 16. nóvember 2005.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*